



Framhaldsskólinn á Húsavík

Húslestur

11. tbl. 15. árg.

Miðvikudagur 23. nóv. 2005

Ritstj. og ábm.: Björgvin R. Leifsson

Vefslóð: <http://www.fsh.is> – þjónusta – Áfangastjóri

Netfang: brl@fsh.is

Fjarvistir

Þá liggja fyrir niðurstöður úr fjórðu fjarvistatalningunni á þessari önn. Tölurnar sýna stöðuna eins og hún var í lok síðustu viku. Merkingar:

Efsta línan sýnir heildarmætingu. M = mættur, F = fjarvist, G = fjarvist úr 40 mín. tíma (t.d. í íþróttum). Frádráttarliðir eru t.d. L (leyfi) og V (veikindi). A = töfluárekstur

Athugið að þeir nemendur sem nú eru komnir í 92% eða minna í heildarmætingu munu með sama áframhaldi fara niður fyrir 90% mætingarskylduna áður en að prófum kemur.

Nemandi sem kominn er niður fyrir 85% mætingu í stökum áfanga telst hafa sagt sig úr honum.

Þeir nemendur sem eru lögráða og mæta illa fá bréf frá skólameistara. Foreldrar/forráðamenn ólögráða nemenda fá bréf heim ef nemendurnir mæta illa.

Umreikniformúla fjarvistastiga:

$$100 - (100 - \text{Innuprósentu}) * 59/72$$

Umreiknitafla: Sjá www.fsh.is - þjónusta – áfangastjóri – Fjarvistakerfið
Eingöngu 6 nemendur eru núna undir hættumörkum!

Próftafla

Nú liggur fyrir endanleg próftafla. Kynnið ykkur vel prófareglurnar. Kennaragangi verður lokað vegna prófagerðar 1. desember nk.

Sértækar þarfir í prófum

Umsóknarfrestur hjá námsráðgjafa rennur út föstudaginn 25. nóvember

Val fyrir vorönn 2006

Nú eru allflestir búnir að velja fyrir næstu önn. Þeir sem af einhverjum ástæðum hafa ekki skilað valblaði eða valið í Innu er hér með gefinn kostur á að skila vali til áfangastjóra í þessari viku. **ATH. að það kostar kr. 1.000,- ef umsjónarkennari eða áfangastjóri þarf að velja fyrir ykkur, sem bætist við skólagjöld fyrir næstu önn. Skili nemendur ekki valblaði verður ekki gerð fyrir þá stundatafla.**

Töluvert var um að nemendur á 2. ári á stúdentsbrautum völdu ekki kjörsvið, þessir nemendur verða að hafa samband við áfangastjóra. Að öðrum kosti velur áfangastjóri kjörsvið fyrir þessa nemendur og reynir þá að hafa þau sem leiðinlegust og erfiðust.

Nemendur á 2. ári á almennum brautum, sem ætla að stunda nám við skólann á vorönn 2006 verða að fara að velja sér braut með skilgreindum námsmarkmiðum. Þessir nemendur eru beðnir að hafa samband við áfangastjóra.

Skólagjöld fyrir vorönn 2006

verða innheimt frá og með þriðjudeginum 6. desember til 15. desember á bókasafninu. Athugið að ekki verða sendir út gíróseðlar. Gjöldin eru kr. 9.750,- með nemendafélagsgjöldum en kr. 10.750,- ef valgjald leggst ofan á.

Kennslu á haustönn 2005 lýkur mánudaginn 5. desember kl. 12:25

FRÁ BÓKASAFNINU.

Ágætu nemendur.

Munið að skila bókunum

**sem þið hafið fengið lánaðar á bókasafni FSH
um leið og þið hafið notað þær.**

Það gætu fleiri þurft á þeim að halda!

**Einnig vil ég minna ykkur á að fara ekki með bók út af safninu,
ef ég er ekki við nema að skrifa á miða nafn ykkar og heiti
bókar eða aðfanganúmer hennar (númerið á strikamiðanum
aftan á bókinni).**

**Kveðja
Elín**

Próftafla haustannar 2005

Kl	Mið 30.11	Fim 1.12.	Fös 2.12.	Þri 6.12.	Mið 7.12.	Fim 8.12.	Fös 9.12.	Mán 12.12.	Þri 13.12.	Mið 14.12.	Fim 15.12.	Fös 16.12.
8:30	Samræmt próf í íslensku kl. 9	Samræmt próf í ensku kl. 9	Samræmt próf í stærðfræði kl. 9	DAN103 ENS102 STÆ122 EFN313 FÉL193	NÁT123 SAG303 STÆ102	ENS103 LAN103 LÍF203 NÁT103 SAG103 Kl. 10:00 ÞÝS303 munnleg	ENS303 ÍSL103	DAN102 ENS503 ÍSL303 NÆR103 ÍSL193	BÓK103 EFN303 ÍSL102 STÆ303 ÞÝS103	ENS212 FÉL103 STÆ103 Kl. 10:00 ENS212 munnleg	DAN212 ÍSL212 STÆ313	EÐL303 FÉL303 ÍSL403 SAG203
13:00				HJÚ503 SÁL303	ÞÝS303 Kl. 14:30 ÞÝS303 munnleg		SÁL103 JAR103 STÆ193	STÆ503 REK103		ÍSL503 ENS212 munnleg	SJÚ203	

Prófreglur:

1. Nemendur komi stundvíslega í öll próf.
2. Fjarvist úr prófi jafngildir falli í áfanganum.
3. Próftími er að jafnaði ein og hálf klukkustund, kennarar láta vita af hugsanlegum frávikum.
4. Nemendum er óheimilt að hafa með sér yfirhafnir og skólatöskur/plastpoka á prófstað.
5. Nemendum er óheimilt að fara af prófstað fyrr en klukkustund eftir að próftaka hefst.
6. Kennurum er óheimilt að gefa nemendum upp einkunnir fyrirfram, enda geta nemendur nálgast þær í Innu.
7. Einkunnaafhending og prófsýning verður mánudaginn 20. desember kl. 14:00
8. Veikindi skal staðfesta með læknisvottorði innan þriggja daga frá próftökudegi
9. Sjúkra- og endurtektarpróf verða haldin 19. desember